

REGLUGERÐ

um innleiðingu ákvörðunar nr. 24/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 66. gr. sáttmálans um yfirráð í fyrirtæki.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 14. tl. XIV. viðauka, gildir hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIV. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Eftirtalin EB-gerð gildir því hér á landi:

Ákvörðun nr. 24/54 frá 6. maí 1954 varðandi reglugerð um framkvæmd 1. mgr. 66. gr. sáttmálans um yfirráð í fyrirtæki.

2. gr.

Ákvörðun nr. 24/54 hefur áður verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérriti S41, bls. 114-115.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi liður 2. gr. reglugerðar nr. 594/1993 um efnislegar samkeppnisreglur samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. september 2006.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Jónína S. Lárusdóttir.